

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2022, miðvikudaginn 14. september kl. 09:04, var haldinn 241. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birkir Ingibjartsson, Hildur Björnsdóttir, Kjartan Magnússon, Líf Magneudóttir, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúinn Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir. Áheyrnarfulltrúinn Kolbrún Baldursdóttir tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Uppfært fundadagatal, Mál nr. US220203

Lagt fram uppfært fundadagatal umhverfis- og skipulagsráðs 2022.

2. Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2022, tilnefningar, trúnaðarmál, leiðrétt bókun Mál nr. SN220386

Kynntar útnefningar til fegrunarviðurkenninga fyrir árið 2022 vegna lóða fjölbýlishúsa og stofnana og vegna endurbóta á eldri húsum. Skráð í trúnaðarmálabók umhverfis- og samgönguráðs. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð staðfesti útnefningar og vísi til borgarráðs.

Leiðrétt bókun frá fundi, dags. 7. september 2022 er:

Samþykkt og fært í trúnaðarbók.

Vísað til borgarráðs.

(A) Skipulagsmál

3. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. september 2022.

4. Landakotsreitir, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN220224

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind verði ný lóð og byggingarreitur fyrir grenndarstöð á horni Hrannarstígs og Öldugötu, breyting á fyrirkomulagi bílastæða í borgarlandi við Hrannarstíg og ráðstafanir við gatnamót til að auka umferðaröryggi, skv. uppdrætti VA arkitekta, dags. 20. apríl 2022, síðast breytt 31. ágúst 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 20. júní 2022 Eftirtaldir sendu athugasemdir: María Hrönn Gunnarsdóttir og Hörður Kristjánsson dags. 25. maí 2022 og Kristín Sverrisdóttir, Anna María Karlsdóttir og Guðmundur Bjarki Jóhannesson dags. 2. júní 2022, MAGNA lögmenn f.h. Mímis-símenntunar ehf. dags. 3. júní 2022, Benedikt Ingólfsson, Birna Stefánsdóttir, Hugrún R.

Hólmgeirsdóttir, Sólveig Halldórsdóttir og Viktor Leifsson dags. 5. júní 2022, Nótt Thorberg og Sigurjón H. Ingólfsson dags. 6. júní 2022, Þórður Þórðarson og Kristín Ingvadóttir dags. 7. júní 2022, Guðrún Birna Brynjarsdóttir dags. 7. júní 2022, Magnús Bjarki Stefánsson og Unnur Guðrún Pálsdóttir dags. 7. júní 2022 og Fjalar Kristjánsson og Sigrún Ólafsdóttir dags. 19. júní og 21. júní 2022. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 31. maí 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. september 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Samþykkt með fjórum atkvæðum með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 1 september 2022. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sitja hjá við afgreiðslu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru hlyntir því að grenndargámum verði komið fyrir í Gamla Vesturbænum en telja umrædda staðsetningu óæskilega þar sem um er að ræða þrönga einstefnugötu í íbúahverfi þar sem einungis nokkrir metrar eru í næstu svefnherbergisglugga. Ljóst er að íbúar í nágrenni stöðvarinnar verða fyrir ýmsu ónæði af völdum hennar, m.a. mun umferð aukast um Hrannarstíg, Öldugötu og Stýrimannastíg, sem eru allt götur sem bera ekki meiri umferð. Aðstæður eru mjög þröngar á horni Hrannarstígs og Öldugötu og afar óæskilegt að draga meiri umferð þangað, allra síst umferð stórra og sérhæfðra sorphirðubíla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokki fólksins finnst ávallt mikilvægt að hlustað sé á fólk, haft við það samráð þegar verið er að breyta hverfinu þeirra og taka til greina vel rökstuddar athugasemdir. Umfram allt mega skipulagsyfirvöld ekki valta yfir borgarbúa. Landakotsreitirinn er hér á dagskrá og hafa komið athugasemdir frá íbúum á Öldugötu 25 sem mótmæla harðlega þessum áformum sem þarna eru fyrirhugaðar. Rétt er að draga þær fram hér í bókun. Athugasemdir ganga út á að grenndargámar verða ekki í opnu rými, tengdir þjónustukjörnum, heldur verða staðsettir við götu og ekki er tekið á því hvernig fólk, sem kemur akandi með sorp, geti lagt bílum sínum meðan það flokkar í ílátin. Við blasir, miðað við umferðarpunga og ásókn í bílastæði á svæðinu, að raunin verður sú að fólk einfaldlega stöðvar bifreiðar sínar í götunni, meðan það athafnar sig við gámana eins og segir í athugasemdum. Einnig eru rök að barnafjölskyldum hefur fjölgað mikið í hverfinu á undanförunum árum. Mörg þessara barna sækja leikskóla við Öldugötu eða Landakotsskóla. Fleiri öryggisþættir eru tilteknir. Með þessari tillögu er því almennu öryggi og umferðaröryggi gangandi og akandi vegfarenda stefnt í hættu, þvert á það sem fullyrt er í kynningargögnum um tillöguna.

Birkir Ingibjartsson vísar af fundi undir þessum lið.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Stefnisvogur 1 og 2 (reitir 1-2 og 1-6), breyting á deiliskipulagi (01.451.3) Mál nr. SN220211

Lögð fram umsókn Hjalta Brynjólfssonar, dags. 13. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæðis 1, vegna lóðanna nr. 1 og 2 við Stefnisvog (reitir 1-

2 og 1-6). Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-2: Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar eykst (flyst til frá lóð 1-6) og lóð 1-2 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn B-rýmis eykst um 30 m². Heildarbyggingarmagn lóðar eykst. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-6: Fjórir húshlutar í stað þriggja ofan á bílageymslu og bundin byggingarlína íbúðarhúss ofan á bílgeymslu breytist samhliða. Byggingarreitur og skörð með dvalarsvæðum milli húshluta breytast/færast til. Íbúðum er fjölgað úr 51 íbúð í 60 íbúðir. Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar minnkar (flyst til yfir á lóð 1-2) og lóð 1-6 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn neðanjarðar eykst. Heildarbyggingarmagn lóðar minnkar. Fjórar innkeyrslur í bílgeymslu í stað þriggja. Ofanvatnslausnir og svæði með gegndræpu yfirborði breytist í samræmi við breytingu á húshlutum, samkvæmt deiliskipulags- skýringaruppd. Arkþing/Nordic ehf., ódags. Einnig er lagt fram bréf hönnuðar, dags. 7. júlí 2022 og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 26. janúar 2018, síðast br. 5. apríl 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Reynimelur 66, breyting á deiliskipulagi (01.524.1) Mál nr. SN210804

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf., dags. 1. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Mela vegna lóðarinnar nr. 66 við Reynimel. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt er að fjölga íbúðum úr 3 í 4, þaksvalir eru heimilar á tveggja hæða hluta nýbyggingar og skulu vera inndregnar um að minnsta kosti 2m frá útbrún þaks neðri hæðar ásamt því að heimilt er að gera að hámarki 120 m² kjallara innan byggingareits, samkvæmt uppd. Arkís arkitekta ehf., dags. 18. nóvember 2021, br. 15. ágúst 2022. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2022 til og með 4. mars 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Jón Gunnar Þorsteinsson, Helga Brá Árnadóttir og Rakel Sveinbjörnsdóttir, dags. 25. febrúar 2022, Þórdís Þorgeirsdóttir og Orri Ólafur Magnússon, dags. 28. febrúar 2022, Magdalena Sigurðardóttir, dags. 2. mars 2022, Sonný Hilma L. Þorbjörnsdóttir f.h. 24 eigenda og íbúa við Reynimel, undirskriftalisti, dags. 3. mars 2022, Erna Guðlaugsdóttir og Hlynur Leifsson, dags. 4. mars 2022, Maria Valles, dags. 4. og 7. mars 2022, Sonja Steinsson Þórsdóttir, dags. 4. mars 2022 og Jóhannes Bragi Gíslason, dags. 4. mars 2022. Einnig er lögð fram umsögn byggingarfulltrúa dags. 8. september 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

Samþykkt, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að húsið við Reynimel 66 fái að standa áfram, en fyrri skipulag gerði ráð fyrir að húsið yrði rífið. Jafnframt er mikilvægt að undirstrika að með breytingunni verði byggingarmagn á lóðinni ekki aukið, en uppdráttur virtist gefa slíkt til kynna og valda nokkurri óánægju í nágrenni. Mikilvægt er að skipulagsgögn sem lögð eru fyrir íbúa séu sett fram með skýrum

hætti, svo auðvelt sé fyrir íbúa að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og taka upplýsta afstöðu til þeirra.

7. Undraland 1, breyting á deiliskipulagi (01.88) Mál nr. SN220521

Lögð fram umsókn Hornsteina - Arkitekta ehf., dags. 22. ágúst 2022, um breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfi, svæði 4 vegna lóðarinnar nr. 1 við Undraland. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að reisa byggingu á lóðinni á tveimur hæðum, samkvæmt uppdr. Hornsteina - Arkitekta ehf., dags. 9. september 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

(B) Byggingamál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 6. september 2022.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

9. Tillaga um fyrirkomulag sorphirðu við sérbyli, USK22080136 Mál nr. US220216

Lögð fram eftirfarandi tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 7. september 2022:

Skrifstofa umhverfisgæða leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi fyrirkomulag við breytingu á ílátafjölda við sérbyli í Reykjavík: Ílátafjöldi við heimili taki mið af þeim fjölda sem er fyrir. Þannig verði frá tveimur upp í fjögur ílát við sérbylishús, ílátum fjölgi eingöngu við þau hús þar sem eitt í lát er fyrir. Breytingin verði þá þessi:

- Ef ein tunna fyrir blandað sorp er við hús: Ílátinu skipt út fyrir tvískipta tunnu fyrir blandað sorp og lífrænan eldhúsúrgang og bætt við tvískiptu íláti fyrir pappír og plast. Ílátum fjölga um eitt.
- Ef tvær tunnur eru við hús - tunna fyrir blandað sorp og tunna fyrir pappír eða plast: Báðum ílátum skipt út fyrir tvær tvískiptar tunnur. Ílátafjöldi helst óbreyttur.
- Ef þrjár tunnur eru við hús - fyrir blandað, pappír og plast: Íláti fyrir blandað sorp skipt út fyrir tvískipt ílát fyrir blandað og lífrænan eldhúsúrgang. Ílátafjöldi helst óbreyttur.
- Ef fjórar tunnur eru við hús: Breyting óþörf.

Tillögunni fylgir greinargerð
Frestað.

(D) Ýmis mál

10. Ármúli 38, kæra 32/2022, afturköllun á kæru (01.295.1) Mál nr. SN220321

Lagt fram erindi frá úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 20. apríl 2022 ásamt kæru, dags. 12. apríl 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingafulltrúa Reykjavíkur frá 19. október 2021 um samþykkt á byggingarleyfi máls nr. BN059388, Ármúli 38. Einnig er lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 14. júlí 2022 vegna afturköllunar á kæru.

11. Höfðabakki 1, kæra 56/2022, greinargerð (04.070.0) Mál nr. SN220369

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 9. júní 2022 ásamt kæru, dags. 9. júní 2022 þar sem kærð er afgreiðsla byggingarfulltrúa um synjun á breytingu á skrifstofuhúsnæði í íbúðir við Höfðabakka 1. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 1. september 2022.

12. Arnarnesvegur og Elliðaárdalur, kæra 79/2022, greinargerð (04.9) Mál nr. SN220465

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 22. júlí 2022 ásamt kæru, dags. 22. júlí 2022 þar sem kærðar eru ákvarðanir umhverfis- og skipulagsráðs um að samþykkja deiliskipulag fyrir 3. kafla Arnarnesvegur og Elliðaárdals þann 29. júní 2022, sem og staðfesting borgarráðs frá 7. júlí á nefndum deiliskipulögum. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 22. ágúst 2022.

13. Frakkastígur 9, kæra 76/2022, greinargerð, úrskurður (01.173) Mál nr. SN220462

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. júlí 2022 ásamt kæru, dags. 20. júlí 2022 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar þann 18. júlí sl., útgáfa byggingarleyfis vegna viðbyggingar á austurhlíð Frakkastígs 9. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 9. ágúst 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 2. september 2022. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 5. júlí 2022 um að samþykkja umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu á austurhlíð húss á lóð nr. 9 við Frakkastíg, stækka veitingastað í flokki II, tegund C, og auka mögulegan gestafjölda úr 15 í 55.

14. Gullslétta 1, breyting á deiliskipulagi (34.532.101) Mál nr. SN220460

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 1. september 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu.

15. Kjalarnes, Skrauthólar 4, breyting á deiliskipulagi (33.2) Mál nr. SN220284

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 1. september 2022 vegna staðfestingar borgarráðs s.d. á synjun umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. ágúst 2022 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi vegna lóðarinnar Skrauthólar 4.

16. Járnháls 2-4, breyting á deiliskipulagi (04.323.3) Mál nr. SN210732

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 1. september 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðar nr. 2-4 við Járnháls.

17. Túngata 13-15 og Hávallagata 14-16, Landakotsreitur, breyting á deiliskipulagi
Mál nr. SN220262

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 1. september 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits vegna lóða nr. 13-15 við Túngötu og 14-16 við Hávallagötu.

18. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um úrbætur á hjólreiðabrautum á Hverfisgötu
Mál nr. US220210

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á hjólreiðabrautum á Hverfisgötu, sbr. 41. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. september 2022:

Tillaga Sjálfstæðisflokksins að úrbætur verði gerðar á hjólreiðabrautum á Hverfisgötu. Merkja þarf brautirnar með skýrum og áberandi hætti en núverandi merkingar eru of fáar og flestar þeirra máðar. Þá þarf að bæta tengingar við sinn hvorn enda hjólreiðabrautanna og bæta aðkomu þeirra að Snorrabraut. Æskilegt er að sett séu upp varúðarmerki þar sem hjólreiðabrautirnar enda án fyrirvara og renna saman við akbrautina, sem hefur slyshættu í för með sér.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

19. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um umferð í miðbænum á hátíðum
Mál nr. US220195

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umferð í miðbænum á hátíðum sbr. 26. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. ágúst 2022:

Tillaga Flokks fólksins að ekki verið lokað eins mikið fyrir bílaumferða á menningarnótt og 17. júní eins og tíðkast hefur. Gengið er allt of langt í að loka fyrir bílaumferð og með því er lokað fyrir það skotið að ákveðinn hópur geti lagt leið sína í bæinn. Frítt í strætó og skutluferðir leysa ekki vanda þeirra sem eiga erfitt um gang og komast hvergi nærri hátíðarsvæði borgarinnar vegna lokunar gatna fyrir bílaumferð. Ekki einu sinni bílar með stæðiskort á leyfi til að aka inn á lokað svæði. Hávær gagnrýni hefur heyrst vegna strætóferða á menningarnótt ýmist vegna þess að þeir væru of fáir, of seinir eða óku oft en ekki fram hjá fólki. Vegna svo róttækrar lokunar fylltust vagnar af fjölskyldum með barnavagna. Hvernig á einstaklingur með líkamlega fötlun að nota strætó undir þessum kringumstæðum. Eins sniðug og skutlupjónusta er þá var hún ekki að virka á menningarnótt. Skoða þarf hvað þarf að gera öðruvísi og betra til að slík þjónusta gangi upp.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

20. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands, um ástand á friðlýstum húsum við Ingólfstorg Mál nr. US220175

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um ástand á friðlýstum húsum við Ingólfstorg, sbr. 58. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022:

Stendur til að vinna að eða að krefjast viðunandi viðhalds á friðlýstu húsunum Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7? Hver sér um eftirlit með því að viðhaldi á friðlýstum húsum sé sinnt innan borgarinnar?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa.

21. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um Bílastæðasjóð og stæðiskort fyrir hreyfihamlaða (MSS22070061) Mál nr. US220218

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Bílastæðasjóð og stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, sbr. 55. mál fundargerðar Borgarráðs, dags. 7. júlí 2022:

Í minnisblaði borgarlögmanns til borgarstjóra kemur fram að borgarlögmaður telur að Bílastæðasjóður Reykjavíkur hafi gerst brotlegur við umferðarlög, og hafi brotið á réttindum fatlaðs fólks, með því að innheimta gjald hjá handhöfum stæðiskorta fyrir notkun bílastæða í bílastæðahúsum. Óskað er upplýsinga um brot Bílastæðasjóðs og hvað Reykjavíkurborg hyggst gera í því máli. Verður krafist skaðabóta? Fulltrúi Flokks fólksins telur málið alvarlegt og óskar upplýsinga um hvort aðgengis og samráðsnefnd Reykjavíkur muni ekki fjalla um málið og álykta um að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða skuli undanskildir gjaldskyldu í borgarlandinu, hvort sem er í bílastæðahúsum, bílskylum eða á götum úti? Í meira en þrjú ár hefur bílastæðasjóður brotið á þeim sem aka á P-merktum bílum. Árið 2019 voru ný umferðarlög samþykkt þar sem skýrt er kveðið á um að handhöfum stæðiskorta sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án greiðslu og einnig að handhafar stæðiskorta megi leggja í sérmerkt bílastæði í öllum göngugötum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

22. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um samþykkt um göngugötur Mál nr. US220180

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samþykkt um göngugötur, sbr. 19. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 17. ágúst 2022:

Í samþykkt um göngugötur í Reykjavík þá kemur fram í fjórðu grein að íbúar á göngugötu geti sótt um svokallað göngugötukort til að hafa aðgang að bílastæði. Eingöngu er gefið út eitt göngugötukort fyrir hvert bílastæði. Flokkur fólksins spyr hvort ekki sé hægt að gefa út fleiri en eitt kort við sérstakar aðstæður? Vísað er jafnframt í umfjöllun um þessi mál í Kjarnanum: <https://kjarninn.is/skodun/laerdu-a-thetta>

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

23. Friðlýsing á Blikastaðakró-Leiruvog, kynning Mál nr. US210039

Lögð fram og kynnt lokadrög umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs.

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Stórum áfanga er náð þegar umhverfisráðherra friðlýsir Blikastaðakró-Leiruvog á Degi íslenskrar náttúru. Friðlýsingar eru mikilvægar í sístækkandi borg bæði til að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika en einnig til að stemma stigu við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Náttúran gegnir lykilhlutverki í lýðheilsu og hvers kyns athöfnum borgarbúa en náttúran hefur líka gildi í sjálfri sér. Friðlýsing mikilvægs strandsvæðis í Reykjavík við Blikastaðakró verður nú raungert en einnig þarf að klára friðlýsingu í Grafarvogi og þangfjörusvæðisins í austanverðum Skerjafirði. Fleiri tækifæri bíða og er það skoðun Vinstri grænna að friðlýsingarhjólin eigi að fá að snúast kröftuglega í borginni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fagna ber að friðlýsa á fjörur og nágrenni þeirra sem eru Blikastaðakró. En eins og kunnugt er hafa borgaryfirvöld gengið langt í að eyðileggja náttúrulegar fjörur, en markmið friðlýsingar svæðisins er að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand mikilvægs búsvæðis fugla og sjávarhryggleysingja. Þetta mætti oft hafa í huga.

Þórólfur Jónsson, deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10:12 víkur Aðalsteinn Haukur Sverrisson af fundi.

24. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um að skipa starfshóp til að draga úr þjófnaði á hjólum Mál nr. US220229

Í aðgerðakafla hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021-2025, sem samþykkt var í borgarstjórn 15. júní 2021, er kveðið á um að kanna skuli leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingafélög og grasrótarsamtök hjólreiðafólks. Lagt er til að starfshópur verði skipaður með fulltrúum þessara aðila, auk tveggja fulltrúa úr umhverfis- og skipulagsráði í því skyni að standa við markmið áætlunarinnar að þessu leyti.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 10:32**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð.

Alexandra Briem

Birkir Ingibjartsson
Kjartan Magnússon
Pawel Bartoszek

Hildur Björnsdóttir
Líf Magneudóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 6. september kl. 10:17 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1178. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Erna Hrönn Geirsdóttir og Kristín Björg I. Sverrisdóttir
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Almannadalur 25-29 (58.652.01) 208504 Mál nr. BN061398
601299-6079 Alhliða pípulagnir sf., Akralind 5, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum, steinsteypt burðarvirki með timbur þaki, skipt upp í tvær notkunareiningar, notkunareining 03-0101 eru 8 stíur ásamt hlöðu á 1. hæð og íbúð á 2. hæð með útgengt út á svalir til suðurs, í notkunareiningu 03-0102 eru 11 stíur og hlaða á 1. hæð og íbúð á 2. hæð með útgengt út á svalir til norðurs á húsi nr. 29 á lóð nr. 25-29 við Almannadal.
Stærð: 446,2 ferm., 1.354,5 rúmm.
Erindi fylgir útreikningur varmataps dags. 22. ágúst 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. Austurstræti 17 (11.403.08) 100841 Mál nr. BN061388
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061009 vegna lokaúttektar þannig að opnun svalahurða á 2. hæð er breytt og hurðum milli gangs og forrýmis snyrtinga er sleppt í húsi á lóð nr. 17 við Austurstræti.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
3. Ásvallagata 21 (11.622.08) 101266 Mál nr. BN061410
Örvar Eyjólfsson, Ásvallagata 21, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN033899 m.s.br., salerni breytt í geymslu, svalir stækkaðar, þak hækkar og frágangur þaks við lóðarmörk húss á lóð nr. 21 við Ásvallagötu.
Stækkun: 4,1 ferm., 1,0 rúmm.
Erindi fylgir samþykki eiganda í formi áritunar á afrit teikninga aðalhönnuðar dags. 15. ágúst 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu samþykktir 2. maí 2017, erindi BN052739.
Erindi fylgir séruppdráttur svala nr. 20-13, dags. 15. ágúst 2022.

Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

4. Baldursgata 10 (11.861.07) 102228 Mál nr. BN061316
Hjálmar Sveinsson, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Ósk Vilhjálmsdóttir, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056581, vegna lokaúttektar, sem eru breytingar á innra skipulagi húss á lóð nr. 10 við Baldursgötu.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
5. Brautarholt 6 (01.241.204) 103022 Mál nr. BN060766
540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innréttu 6 íbúðir á 2. hæð, innréttu geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og minnisblað um brunahönnun dags. 11. apríl 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. ágúst 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa 18. ágúst 2022.
6. Eddufell 2-8 (46.830.09) 112308 Mál nr. BN061242
410721-2280 Eddufell ehf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjórar hæðir úr steinsteypu ofan á tveggja hæða hús og innréttu 14 íbúðir, í húsinu nr. 2-4 á lóð nr. 2-8 við Eddufell.
Orkurammi á teikningu A601.
Samkomulag vegna byggingaframkvæmda frá tveimur eigendum húss, dags. 23 maí og 10. júní 2022
Stækkun: 1.241,1 ferm., 3.940,8 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Eggertsgata 2-34 (16.34-.99) 106682 Mál nr. BN061273
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu, með kjallara undir hluta húss, tveggja hæða að hluta, innréttu smábarnaleikskóla fyrir 119 börn á 1. hæð, tæknirými í kjallara og starfsmannaaðstöðu á 2. hæð, einnig að endurnýja eldri leikskóla, stækka

eldhús og bæta starfsmannaaðstöðu í Eggertsgötu 12-14 á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.

Stækkun: 770 ferm.

Eftir stækkun, A- og B-rými: 2.522,8 ferm., 7.462,9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, hljóðvistargreinargerð 1, frá Myrru dags. 11. júlí 2022 og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 12. júlí 2022.

Gjald kr. 12.60

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. Egilsgata 14 (01.195.003) 102561 Mál nr. BN060948
631219-3730 Ísey Investments ehf., Laxatungu 47, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055057 þannig að hæð lóðar og mannvirkja innan hennar er leiðrétt fyrir íbúðarhús og bílskúr á lóð nr. 14. við Egilsgötu.
Erindi fylgir mæliblað 1.195.0 dags. 21. ágúst 2008, yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum samþykktum 12. maí 2020 og yfirlit breytinga vegna skráningartöflu. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. ágúst 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 1. september 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. Einarsnes 36 (16.720.01) 106792 Mál nr. BN061395
541220-0700 Íslandsturnar hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til uppsetningar á fjarskiptamastri sem koma á fyrir á steinsteyptan reyk háf húss á lóð nr. 36 við Einarsnes.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
10. Fiskislóð 20-22 (10.877.01) 100013 Mál nr. BN060618
430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. rými 02-0101 hefur verið skipt upp og komið fyrir eldhúsi og ræstingu, á annarri hæð hefur verið komið upp milliveggjum. Samhliða reyndarteikningum er sótt um leyfi fyrir húðflúrstofu með breytingum á innra skipulagi því til samræmis í húsi nr. 22 á lóð nr. 20-22 við Fiskislóð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 8. febrúar 2022.

Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 31. mars 2022.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.

11. Gissurargata 4 (51.138.05) 214854 Mál nr. BN061418
Jón Guðmann Jakobsson, Gissurargata 4, 113 Reykjavík
Halla Gísladóttir, Gissurargata 4, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055035, þ.e. veggjum á lóð, útistigi færirst til suðausturs, innra skipulagi neðri hæðar er breytt, handrið við verönd verði klætt áli í stað glers og baðherbergjum beggja hæða breytt í húsi á lóð nr. 4 við Gissurargötu.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Grjótháls 8 (04.301.201) 111014 Mál nr. BN061417
590214-1830 Fasteignastýring ehf., Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílapvottastöð og þvottabás, nýbyggingin er stálgrindarhús á steiptum sökklum í matshluta nr. 06 á lóð nr. 8 við Grjótháls.
Núverandi stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Niðurrif: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Breyting á stærðum: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Umsókn og umfjöllun á niðurrifi í erindi: BN0xxxxxx
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritið aðaluppdráttu erindis BN026414, samþykktir þann 8. janúar 2003.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. Haðaland 1-7 (18.640.01) 108809 Mál nr. BN059711
Margrét Jónína Gísladóttir, Haðaland 5, 108 Reykjavík
Sigurður Þ K Þorsteinsson, Haðaland 5, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056756 vegna lokaúttektar þannig að komið er fyrir heitum potti, yfirbyggðum með hringlaga gegnsæjum veðurkúpli, einnig er komið fyrir minni köldum potti á verönd austan við einbýlishús nr. 5, mhl.03, á lóð nr. 1-7 við Haðaland
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
14. Haðarstígur 12 (11.866.22) 102317 Mál nr. BN061259
Eygló Óskarsdóttir, Granaskjól 90, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir, lækka gólf í kjallara, innrétta þar íbúð, frá kjallara að hluta, stækka glugga og gera hurð út í garð í parhúsi á lóð nr. 12 við Haðarstíg.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa v/fyrirspurnar dags. 21. janúar 2022.
Stækkun: xx
Eftir stækkun: 133,8 ferm., 361,9 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 1. september 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2022.

15. Haðarstígur 14 (11.866.23) 102318 Mál nr. BN061260
Berglind Árnadóttir, Haðarstígur 14, 101 Reykjavík
